



Fjárfesting ríkissjóðs tekur við sér - sveitarfélögin draga saman seglin

Tekjujöfnuður hins opinbera var neikvæður um 69 ma.kr. á 3. ársfjórðungi samanborið við rúmlega 9 ma.kr. halla í fyrra. Heildarafkoman var neikvæð um 23% af tekjum. Afkoma ríkissjóðs er sýnu verri en hjá sveitarfélögunum, eða um -28% af tekjum samanborið við -4,5% hjá sveitarfélögunum. Fjárfestingar ríkissjóðs tóku stökk upp á við miðað við síðasta ár á meðan fjárfestingar sveitarfélaganna minnkuðu verulega annan ársfjórðunginn í röð.

Afkoma bæði ríkissjóðs og sveitarfélaga batnaði hlutfallslega á milli 2. og 3. ársfjórðungs í ár, en afkoma ríkissjóðs hefur versnað mun meira en sveitarfélaganna á síðustu misserum. Tekjur sveitarfélaganna jukust þannig um 6,4% milli 2. og 3. ársfjórðungs samanborið við 2,6% aukningu hjá ríkissjóði.

Staða ríkissjóðs er ekki alveg ný en halli hefur verið á rekstri ríkissjóðs allt frá upphafi ársins 2019. Það sama gildir raunar einnig um sveitarfélögin sem heilt yfir hafa verið rekin með halla mun lengur. Halli ríkissjóðs hefur hins vegar aukist verulega á þessu ári. Hvað ríkissjóð varðar var hallinn á árinu 2019 að meðaltali 3,7% af tekjum, en var svo 22% á fyrsta ársfjórðungi 2020 og 36% af tekjum á öðrum og 28% á þeim þriðja. Staða ríkissjóðs byrjaði í raun að snúast við í upphafi ársins 2019 í tengslum við aukna erfiðleika í ferðapjónustu og gjaldþrot WOW-air.


Tekjur hafa aukist frá 1. ársfjórðungi

Tekjur sveitarfélaganna voru 8,5% hærri á 3. ársfjórðungi í ár miðað við þann fyrsta og tekjur ríkissjóðs 5,4% hærri. Útgjöld ríkissjóðs voru hins vegar 11,2% hærri en þá og tekjur sveitarfélaganna 9,5% hærri.


Útgjöld verulega mismunandi

Verkefni og skyldur ríkis og sveitarfélaga eru mismunandi og því kemur ekki á óvart að þróun útgjaldaliða þeirra er mjög mismunandi. Hvað sveitarfélögin varðar vekur mikill samdráttur

Afkoma ríkissjóðs og sveitarfélaga



Tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga





fjárfestinga á síðustu tveimur ársfjórðungum athygli, um 34% á hvorum miðað við síðasta ár. Afkoma sveitarfélaganna hefur ekki versnað jafn mikið og hjá ríkissjóði og kann hluti skýringarinnar að liggja í mikilli minnkun fjárfestingar. Launakostnaður og vaxtagjöld sveitarfélaganna hafa þá aukist mikið milli 3. ársfjórðunga 2019 og 2020.

Hvað ríkissjóð varðar hafa framleiðslustyrkir aukist um tæp 140% milli 3. ársfjórðunga 2019 og 2020. Tilfærsluútgjöld hafa einnig aukist töluvert og má rekja nær alla aukningu þessara liða til Covid-faraldursins. Launa- og vaxtakostnaður hefur hins vegar hækkað mun minna en hjá sveitarfélögunum.

Mikill munur á þróun fjárfestingar

Samkvæmt bráðabirgðatölum þjóðhagsreikninga dróst fjárfesting hins opinbera saman um 6,7% milli 3. ársfjórðunga 2019 og 2020. Samkvæmt nýjustu tölum um fjárhag hins opinbera jókst fjárfesting ríkissjóðs um tæp 20% milli 3. ársfjórðunga 2019 og 2020 á meðan fjárfestingar sveitarfélaganna drógust saman um tæp 34%.

Kemur fjárfestingaráttak ríkissjóðs á röngum tíma?


Það eru jákvæð tíðindi að loksins fari að sjást aukning í fjárfestingum ríkissjóðs nú á 3. ársfjórðungi og að sama skapi neikvætt að sjá verulega minnkun hjá sveitarfélögunum.

Ríkisstjórnin tók að boða verulegt fjárfestingaráttak strax vorið 2019 þegar hagkerfið fór að lenda í skakkaföllum, m.a. vegna gjaldþrots WOW-air. Þá var boðuð virk hagstjórn með beitingu fjárfestinga ríkissjóðs á sama tíma og fjárfestingar í atvinnulífinu væru að dragast saman. Þessi aukning fjárfestingar hefur hins vegar látið bíða verulega eftir sér. Nú á síðasta ársfjórðungi eru loksins merki um aukningu eftir sífellda minnkun síðustu misseri, bæði hjá ríkissjóði og sveitarfélögunum.

Sé litið á þróun síðustu ársfjórðunga má sjá að yfirleitt hefur verið um minnkun að ræða allt frá 2. ársfjórðungi 2019. Sé litið á fjárfestingarstigið má sjá að opinber fjárfesting á 3. ársfjórðungi í ár er svipuð og var um mitt ár í fyrra.


Væntanlega er enn stefnt að því að framkvæma öll þau verkefni sem fjallað hefur verið um í tillögum ríkisstjórnar í fjármálaáætlun og fjárlögum. Fari

Útgjöld sveitarfélaganna - breytingar frá fyrra ári




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Útgjöld ríkissjóðs - breytingar frá fyrra ári



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Breyting fjárfestinga frá sama ársfjórðungi fyrra árs




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



hins vegar svo að bjartsýnustu spár um baráttuna gegn veirufaraldrinum gangi eftir eykst hættan á því að fjárfestingaráttak ríkissjóðs verði í hámarki þegar fjárfestingar atvinnulífsins fara að aukast aftur.

Hlutverk hins opinbera er mikið nú um stundir

Hlutverk hins opinbera í hagstjórn og efnahagslífinu hefur verið mikið á þessu ári og verður mikið á næstu árum. Það á einkum við um ríkissjóð sem ræður miklu hvað hagstjórn og þróun efnahagslífsins varðar. Það ættu því að vera góð skilyrði fyrir stjórnvöld að koma stefnumiðum sínum í framkvæmd.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.